

98

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Suðurmúlasýslu um húsaskatt af húsi
30. sept. er frikirkjumenn nota til guðspjónustugjörðar. — Með þóknanlegu brjefi, 21. apríl p. á., hafið þjer, herra sýslumaður, spurst fyrir um það, hvort hús það, er frikirkjumenn í Hólmasókn hafi byggt sjer og nota sem kirkju við guðspjónustu þeirra, sje undanþegið húsaskatti eptir 2. gr. laga um húsaskatt 14. des. 1877.

Fyrir því skal yður hjermeð til vitundar gefið, að ef hið umrædda hús eingöngu er notað til guðspjónustugjörðar og annara kirkjulegra athafna, þá verður það að álítast undanþegið húsaskatti, samkvæmt hinni tilvitnuðu grein húsaskattslaganna.

99

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um endurgjald á veittum sveitarstyrk. — Með þóknanlegu brjefi 9. júlí p. á. hafið þjer, herra amtmaður, skotið undir úrskurð minn ágreiningi, er orðið hefur milli yðar og amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um það, hvar Guðmundur nokkur Jónsson að auknefni Stapi, er andaðist í Skefilsstaðahreppi árið 1880, hafi átt framfærslusveit, og hvaðan þessvegna Skefilsstaðahreppur eigi að fá endurgjald á 130 kr. 47 a., er hann hefur lagt út til framfæris og greptrunar nefndum Guðmundi og ekkju hans Lilju Ólafsdóttur — og eptir að jeg hef gefið amtmanninum yfir suðuramtinu og vesturamtinu tækifæri til að kynna sjer ofan nefnt brjef yðar og þau ný skjöl, er því fylgdu, vil jeg nú tjá yður það, er hjer segir.

Það sem ömtin hefur greint á um í þessu efni er það, hvort Guðmundur Jónsson, sá er hjer er um að ræða, og sem fæddur var í Miklaholtshreppi í Hnappadalssýslu og hafði, eptir því sem frekast sjeð verður, með 5 ára dvöl frá 1837—1842 unnið sjer framfærslurjett í Breiðuvíkurbhreppi í Snæfellsnessýslu, hafi síðan orðið sveitlægur í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu þarsem hann dvaldi í 13 ár samfleytt frá 1863—75 að undanskildum 3—4 vikum vorið 1872 eða framan af tíunda dvalarárinu þar, en þessar vikur dvaldi hann á Neðri-Mýrum í Engihlíðarhreppi, og álítið þjer að með þeim hafi slitnað dvöl hans í Vindhælishreppi. Í sálmaregistri Höskuldsstaðaprestakalls er Guðmundur að vísu talinn vinnumaður á Neðri-Mýrum þetta umrædda ár og eptir því einu lægi beinast við að ætla, að hann hafi farið að öllu vistferlum úr Vindhælishreppi þetta ár, þó að svo færi á eptir, að dvöl hans í Engihlíðarhreppi ekki yrði lengri en að ofan er sagt, og að hann sneri svo bráðlega aptur til Vindhælishrepps. En af skýrslu Guðmundar sjálfs og fyrverandi húsþónda hans á Hafursstöðum í Vindhælishreppi, þaðan sem hann fór að Neðri-Mýrum, má sjá, að það var aldrei ætlun hans að vera á Neðri-Mýrum nema að hálfu, en að halda jafnframt áfram dvöl sinni í Vindhælishreppi á þann hátt að vera að hálfu í vist á Hafursstöðum, og þegar þessu er þannig varið, sem engin ástæða er til að efa, gat hin ofan nefnda 3—4 vikna dvöl Guðmundar í Engihlíðarhreppi eigi orðið því til fyrirstöðu, að hann ynni framfærslurjett í Vindhælishreppi.

Samkvæmt þessu vil jeg þjónustusamlega skora á yður að leggja fyrir hreppsnefndina í Vindhælishreppi, sem framfærslusveit ofan nefnds Guðmundar Jónssonar (Stapa) að endurgjalda Skefilsstaðahreppi hinar umræddu 130 kr. 47 a.

100

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um greiðslu
12. okt. kostnaðar af gjafsóknarmáli sem sætt var á. — Með þóknanlegu brjefi, 24. ágúst p.

á., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað reikninga yfir ferðakostnað m. m. í máli nokkru milli Bólstaðarhlíðarhrepps og Gunnlaugs bónda Gunnlaugssonar á Syðriey — en þjer höfðuð veitt tjeðum hreppi gjafsókn fyrir undirrjettinum til að höfða mál þetta — og hafið þjer lagt það til, að jeg ávísi upphæð reikninganna úr landssjóði þrátt fyrir það, þótt málið ekki væri leitt til lykta með dómi, heldur endaði með sætt milli máls-partanna. 100 12. okt.

Útaf þessu skal yður hjermeð til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að þegar gjafsókn er veitt, hefur sá málsparturinn, sem hennar nýtur, enga heimild til að ganga að þeirri sætt, er leggi kostnað á landssjóðinn, eins og yfir höfðuð kostnaður í gjafsóknarmálum aðeins verður greiddur eptir dómi, sbr. lög 12. júlí 1878 5. gr., og sje jeg mjer því eigi fært, að ávísa upphæð ofan nefndra reikninga, sem hjermeð endursendast.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um sýslusjóðsgjald af Hlíðar- og Fremrinámum. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt álit yðar, herra amtmaður, í brjefi 24. ágúst þ. á., um kærú hreppsnefndarinnar í Skútustaðahreppi yfir því, að jafnað hafi verið á hrepp þenna sýslusjóðsgjaldi eptir jarðarhundraðatali hreppsins að meðtöldu hundraðatali Hlíðar- og Fremrináma, skal jeg þjónustusamlega skora á yður að gefa tjeðri hreppsnefnd til vitundar, að með því að sýslusjóðsgjaldið samkvæmt 40. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872 ekki hvílir á hinum einstöku jarðeigendum eptir hundraðatali jarðanna, heldur er jafnað niður á hreppana í sýslunni eptir jarðarhundraðatali hreppanna eptir jarðabókinni, og síðan jafnað niður á hreppsbúa í hverjum hreppi eptir alt öðrum reglum, þá geti eigi komið til tals að lands-sjóður sem eigandi Hlíðar- og Fremrináma endurgjaldi Skútustaðahreppi gjald það er á hann hefur verið lagt vegna námanna, en aptur á móti verð jeg þrátt fyrir skoðun þá, sem fram er komin í landshöfðingjabrjefi 25. maí 1881. að álíta að það eptir rjettum skilningi á 40. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar sje Helgastaðahreppur, sem námurnar eru heimfærðar til í jarðabókinni frá 1861. en eigi Skútustaðahreppur, sem á að bera sýslusjóðsgjald það er til námanna svarar. 101 14. okt.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um greiðslu kostnaðar af vitnaleiðslu um hreppshelgi sveitarómaga. — Með þóknanlegu brjefi 21. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað meðfylgjandi reikning frá sýslumanni í Dalasýslu, Halldóri Daníelssyni, yfir kostnað af vitnaleiðslu haldinni eptir beiðni sýslumannsins í Strandasýslu til upplýsingar um hreppshelgi sveitarómaga, og hafið þjer með skírskotun til þess, að samskonar kostnaður hafi stöku sinnum áður verið greiddur úr amtsjafnaðarsjóði, sbr. dómsmálastjórnarbrjef 8. maí 1848 og 23. desbr. 1856 skotið því til mín, hvort jeg vildi ávísa upphæð reikningsins, 18 kr., úr landssjóðnum samkvæmt lögum 2. nóv. 1877, 2. gr. 102 15. okt.

Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslumanni Halldóri Daníelssyni, að jeg eigi álit neina heimild vera til þess í lögum 2. nóv. 1877 eða annarstaðar, að greiða kostnað þann, er hjer um ræðir, úr landssjóði, en sýslumaðurinn á aptur á móti kröfu til, að fá